

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 12. janúar 2021

Lagt er til að gerð verði könnun á því hjá þeim nemendum sem ekki eru í mataráskrift grunnskólanna hvaða ástæður séu fyrir því. Mikilvægt er að slík könnun fari fram til að greina hvort um sé að ræða efnahagslegar ástæður foreldra, að máltíðirnar uppfylli ekki gæðakröfur eða enn aðrar ástæður. Könnunin verði nýtt til þess að gera viðeigandi úrbætur til að fleiri nemendur nýti sér mataráskrift og tryggja að öllum nemendum standi til boða máltíðir óháð efnahag foreldra.